

### **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um breytingar á fyrirkomulagi búsetuúrræðis við Hringbraut fyrir heimilislausar konur**

Lagt er til velferðarsviði verði falið að ráðast í breytingar á fyrirkomulagi búsetuúrræðis fyrir heimilislausar konur við H121. Annars vegar verði fyrirkomulagi úrræðisins breytt og því verði skipt upp og hins vegar verði íbúum fundinn nýr og betri staður. Jafnframt verði ráðist í að efla þjónustuna við þjónustupega H121 með það að leiðarljósi að stuðla að aukinni velferð og virkni þeirra.

#### **Greinargerð:**

Íbúðauúrræðið þekkt sem Hringbraut 121 (H121) hýsir 11 konur með miklar og flóknar þjónustuparfir. Í dag búa þar 11 konur en slík samþjöppun í þjónustupungu úrræði er ekki talin heppileg, sérstaklega í þéttri byggð. Þrátt fyrir að þar sé sólarhringsþjónusta og gripið hafi verið til ýmissa ráðstafana til að mæta umkvörtunum nágretta hefur ekki náðst að draga úr ónæði vegna úrræðisins og hefur stærð þess mikil áhrif þar á. Konurnar verða fyrir miklum ágangi utanaðkomandi aðila sem ítrekað hefur getið af sér aðstæður sem valda því að nágrettar upplifa öryggi sínu ógnað. Velferðarsvið hefur reynt ýmislegt til að ráða bót á þessu en þær aðgerðir hafa ekki borið tilskyldan árangur. Því er tímabært að endurskoða skipulag úrræðisins með því að skipta því upp og finna því annan heppilegri stað. Jafnframt þarf að ráðast í breytingar sem styðja betur við velferð kvenanna og velferðarsviði falið að koma með tillögur til velferðarráðs þess efnis í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokknum við útfærslu þeirra breytinga.